

Sophia C. H. Thorsteinson og Árni Bjarnason Thorsteinson

Sophia Christiane Hannesdóttir Thorsteinson, f. Johnsen, f. 14. jan. 1839 í Reykjavík, d. 21. mars 1914 í Reykjavík, húsfreyja í Reykjavík.



Sophia C. H. Thorsteinson

Árni B. Thorsteinson

For.: **Hannes Steingrímsson Johnsen**, kaupmaður í Reykjavík, f. 23. maí 1809 á Álftanesi, d. 16. nóv. 1885 í Reykjavík, og k.h. **Sigríður Kristín Símonardóttir**, kaupmannsfrú í Hansenshúsi í Reykjavík, f. 16. ágúst 1814 í Reykjavík, d. 9. ágúst 1869 í Reykjavík.

- M. 18. sept. 1861, **Árni Bjarnason Thorsteinson**, f. 5. apríl 1828 á Arnarstapa, Breiðuvíkurrh., Snæf., d. 29. nóv. 1907 í Reykjavík, landfógeti í Reykjavík.



Sophia Christiane Hannesdóttir Thorsteinson með tvö elstu börn sín, Þórunni og Hannes.

For.: **Bjarni Þorsteinsson Thorsteinson**, amtmaður á Arnarstapa, f. 31. mars 1781 á Sauðhúsnesi, Leiðvallarhr., V.-Skaft., d. 3. nóv. 1876 í Reykjavík, og k.h. **Þórunn Hannesdóttir Thorsteinson**, húsfreyja á Arnarstapa, f. 30. júlí 1794 í Skálholti, Biskupstungnahr., Árn., d. 28. mars 1886 í Reykjavík.

Árni ólst upp á Arnarstapa og var tekinn í Bessastaðaskóla 1844 og varð stúdent úr Reykjavíkurskóla 1847, tók 1. og 2. lærdómspróf í Kaupmannahafnarháskóla 1847-1848 og lauk síðan prófi í lögum frá Kaupmannahafnarháskóla 19. júní 1854. Fékk Snæfellsnessýslu 19. júní 1856. Varð land- og bæjarfógeti í Reykjavík 18. febr. 1861, og varð síðan landfógeti eingöngu er embættin voru aðgreind 31. jan. 1874 og hélt til 9. sept. 1904, er embættið var lagt niður.

Var konungskjörinn alþingismaður 1877-1903, forseti í sameinuðu Alþingi 1885 og í efri deild 1886-1887 og aftur 1893-1904. Var bæjarfulltrúi í Reykjavík 1875-1881. Gegndi stundum yfirdómaraströfum í landsyfirdómi.

Var einn af stofnendum Hins íslenska fornleifafélags og forseti þess frá byrjun til áviloka. Stóð að stofnun Sparisjóðs Reykjavíkur, sem var fyrsti sparisjóður landsins, og var aðal forgöngumaður um stofnun spítala í Reykjavík. Var mikill áhugamaður um trjárekt og varð blóma- og trjágarður hans við Landshöfðingjahúsið í Austurstræti frægur fyrir tilraunir í blóma- og trjárekt. Árni landshöfðingi var í flestu mikill nytsemdarmaður. Fékkst nokkuð við ritstörf og liggja eftir hann nokkur rit og ritgerðir.

Varð kansellíráð 26. maí 1867, riddari af dbr. 2. ágúst 1874, dbrm. 26. júní 1895, kommandörkross af dbr. 9. sept. 1904.

Börn þeirra: a) Bjarni, f. 19. júlí 1862, b) Hannes, f. 2. okt. 1863, c) Valgerður, f. 1. mars 1865, d) Þórunn, f. 10. apríl 1866, e) Bjarni, f. 18. nóv. 1867, f) Sigríður Kristín, f. 14. maí 1869, g) Árni, f. 15. okt. 1870, h) Sigríður, f. 11. júní 1872, i) Bjarni, f. 14. júní 1875. (Ísl. æv. I, 71-71; Sunnanfari VI, 1896).

A **Bjarni Árnason Thorsteinson**, f. 19. júlí 1862 í Reykjavík, d. 27. ágúst sama ár.

B **Hannes Árnason Thorsteinson**, f. 2. okt. 1863 í Reykjavík, d. 17. maí 1931 í Reykjavík, lögfræðingur, bankastjóri í Reykjavík. - Bústýra: **Ástríður Baldvinsdóttir**, f. 14. des. 1871 (kbók: 13.) á Svarfhóli, Miðdalahr., Dal., d. 19. nóv. 1966, vinnukona í Austurstræti 20 1910, bústýra Hannesar í Reykjavík.

C **Valgerður Árnadóttir Thorsteinson**, f. 1. mars 1865 í Reykjavík, d. 12. sama mán.

D **Þórunn Árnadóttir Thorsteinson**, f. 10. apríl 1866 í Reykjavík, d. 18. apríl 1943 í Reykjavík, leikfímikennari og húsfreyja í Hafnarfirði og í Reykjavík, var fyrsti leikfímikennarinn hér á landi. - M. 8. sept. 1887, **Franz Eduard Siemen**, f. 14. okt. 1855 í Reykjavík, d. 22. des. 1925 í Reykjavík, sýslumaður



Árni Thorsteinson og Sophia C. H. Thorsteinson.

í Hafnarfirði. Börn þeirra: a) **Árni**, f. 22. sept. 1888 í Hafnarfirði, d. 1. maí 1964, stórkaupmaður og ræðismaður í Lübeck og Hamborg í Þýskalandi. b)



Ev.: Sigríður, Sophia C. H. Thorsteinson og Sigríður.

Á landfógetaheimilinu

„Á heimili foreldra minna voru venjulega tvær þjónustustúlkur á vistbandi, og voru þær góðir vinir okkar barnanna, enda raunar óaðskiljanlegar fjölskyldunni, þar eð þær voru ár eftir ár á heimilinu. Á vetrum sátu þær tíðum við tóvinnu, og mátti heita að heima væri baðstofulíf eftir gönlum síð, þótt vistarverur hússins væru allmargar. Móðir mín sat við rokkinn sinn og spann, og einnig spunnu stúlkurnar, kembdu og þrjónuðu. Þá var tekið ofan af ullinni og úr þelinu spunnið í nærföt og betri sokka, en úr toginu voru þrjónaðir íleppar. Góðir og fallegir íleppar þóttu hinir mestu kjörgripir, ekki síst í tréhnallana, sem mikið voru notaðir þá til dags. Flestir búðarmenn voru t.d. alltaf í slíkum tréklossum á veturna, og komu ílepparnir þeim vel, enda þóttu þeir góður hitagjafi. Þá voru búðirnar flestar úpphitaðar með öllu, því að kolaofnarnir komu ekki fyrir en síðar. Var tíðum kuldalegt að standa í búðunum.

Heima gengum við börnin nær alltaf í íslenskum sauðskinnsskóm, þótt við ættum að visu útlenda skó, sem notaðir voru á hátíðum og tyllidögum. Fyrst efur að ég kom í Lærða skólann gekk ég

hins vegar oft á tréklossum, og voru leðuræmur negldar neðan í sólana, svo að tréð gengist síður.

Þannig voru búnaður og lífnaðarhættir Reykíkinga í ungdæmi mínu áþekkir því sem gerðist í

sveitum landsins, enda í sjálfu sér ekki mikill munur á Reykjavíkurlífinu og sveitalífinu í þá daga.”

(Árni Thorsteinson: Harpa minninganna, bls. 23)



Landfógetagarðurinn við suðurhlíð Austurstrætis 20 var mikil tilraunastöð fyrir íslenska garðyrkju, en á myndinni sést að gróðurinn bíður vorsins.

Sigríður, f. 24. des. 1889 í Hafnarfirði, d. 12. ágúst 1970 í Reykjavík, húsfreyja í Reykjavík o.v. c) **Soffía**, f. 23. des. 1891 í Hafnarfirði, d. 28. des. 1968, húsfreyja í Reykjavík. d) **Theodór** f. 7. nóv. 1893 í Hafnarfirði, d. 14. febr. 1966, kaupmaður í Reykjavík. >Ingólfsstræti 5.

E **Bjarni Árnason Thorsteinson**, f. 18. nóv. 1867 í Reykjavík, d. 21. júlí 1872.

F **Sigríður Kristín Árnadóttir Thorsteinson**, f. 14. maí 1869 í Reykjavík, d. 27. júní sama ár.

G **Árni Thorsteinson**, f. 15. okt. 1870 í Reykjavík, d. 16. okt. 1962, cand. phil., tónskáld, bankaritari og ljósmyndari í Reykjavík. - K. 15. sept. 1900, **Helga Einarsdóttir Thorsteinson**, f. 22. okt. 1875 á Hraunum í Fljótum, Holtshr., Skag., d. 16. febr. 1959, húsfreyja í Reykjavík. Börn þeirra: a) **Soffía**, f. 7. ágúst 1901 í Reykjavík, d. 15. júní 1996, húsfreyja í Reykjavík og síðar í Liverpool. b) **Jóhanna**, f. 23. ágúst 1903 í Reykjavík, d. 31. ágúst 1992, gjaldkeri hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur. c) **Sigríður**, f. 6. febr. 1908 í Reykjavík, d. 8. apríl 1998 í Reykjavík, húsfreyja í Reykjavík. d) **Árni**, f. 28. apríl 1917 í Reykjavík, d. 27. mars 1948 í Reykjavík, lögfræðingur og bankaritari hjá Landsbanka Íslands. >Vesturgata 41.

H **Sigríður Árnadóttir Thorsteinson**, f. 11. júní 1872 í Reykjavík, d. 29. jan. 1905, húsfreyja í Reykjavík. - M. 11. ágúst 1894, **Páll Einarsson**, f. 25. maí 1868 á Hraunum í Fljótum, Holtshr., Skag.,



Árni Thorsteinson landfógeti og Sophia C. H. Thorsteinson með fjölskyldu sinni í stofunni í Austurstræti 20.



Landfógetagarður Árna Thorsteinson og aldingarður Schierbecks landlæknis í Aðalstræti voru glæsilegustu garðarnir í barnum og höfðu þeir forgöngu um að kenna Íslendingum blóma- og trjáækt.



Suðurhlíð tvílyfta tímubúhússins sem Árni Thorsteinson lét byggja við Landfógetahúsið árið 1862.



Árni Thorsteinson ásamt fjölskyldu sinni í blómum skryddum Landfógetagarðinum, þar sem hann undi löngum stundum í frítíma sínum. Hann gerði ásamt Schierbeck landlækni ýmsar tilraunir með plöntur og tré, sem þeir reyndu að koma til við Íslenskar aðstæður, en þeir voru aðal hvatamenn að stofnun Hins íslenska garðyrkjufélags.



Hannes

Dórunn

Árni

d. 17. des. 1954 í Reykjavík, sýslumaður, borgarstjóri, hæstaréttardómari í Reykjavík. Börn þeirra: a) **Árni**, f. 4. jan. 1897 á Geirseyri við Patreksfjörð, d. 4. okt. 1970, byggingaverkfræðingur, yfirverkfræðingur hjá Vegagerð ríkisins í Reykjavík. b) **Kristín**, f. 21. júlí 1898 á Vatneyri, d. 9. sept. 1940 í Reykjavík, húsfreyja í Reykjavík. >Kirkjustræti 4.



Sigríður

I **Bjarni Thorsteinsson**, f. 14. júní 1875 í Reykjavík, d. 23. júlí 1922, var fatlaður.

Aðrir íbúar í Austurstræti 20:

Ástríður Baldvinsdóttir, f. 13. des. 1871 á Svarthóli, Miðdalahr., Dal., d. 19. nóv. 1966, vinnukona, kom frá Svarthóli 1900, síðar húsfreyja Hannesar Thorsteinson bankaritara (>Austurstræti 20).

Anna Baldvinsdóttir, systir Ástríðar, f. 16. sept. 1869 á Svarthóli, d. 21. apríl 1962, vinnukona, kom frá Svarthóli 1898.